

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Reykjavalla í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir 25 frístundalóðum á 13,3 ha svæði, sem afmarkast af girðingu og skurðum við skipulagt íbúðahúsasvæði Reykholts að norðaustan, landi Goðatúns að suðvestan, áður skipulögðu frístundasvæði að suðaustan og heimalandi Reykjavalla að norðaustan.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar Skotalda í landi Austurhlíðar í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir fjórum frístundalóðum sem allar eru rúmlega 0,45 ha á 2 ha svæði rétt norðvestan við bæjartorfu Austurhlíðar. Gert er ráð fyrir að á hverri lóð verði heimilt að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 30 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 22. maí 2007.
3. *Deiliskipulag tveggja frístundalóða í landi Lækjarhvamms við Grafará í Laugardal.*
Skipulagssvæðið er 10.880 m² og er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum.
Önnur lóðin er þegar byggð en á hinn er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa að hámarki 50 m² frístundahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 9. janúar 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. júlí 2007.
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,
Pétur Ingi Haraldsson.